

Starfsáætlun veturinn 2017-2018

Forvarnaráætlun skólans



Efnisyfirlit

Hvað er forvarnaráætlun.....	2
Sex grundvallaratriði	3
Hlutverk ábyrgðarmanns	4
Uppbyggingarstefnan	4
Skólasáttmáli Valsárskóla.....	4
Hvað er óásættanleg hegðun - Skýr mörk!.....	5
Lýðræðismál.....	7
Umhverfissáttmáli	8
Markmið í umhverfismálum.....	8
Starfsárið 2017-2018	8
Námskeið og fræðsla.....	9

Hvað er forvarnaráætlun

Markmið með áætluninni er að skapa heildstæða menningu í skólanum þar sem samfélagið vinnur saman að líkamlegu heilbrigði, félagslegu heilbrigði og heilbrigðri umgengni við umhverfið. Í forvarnar áætlun er unnið með hjúkrunarfræðingi, slökkviliði, starfsfólki skólans og nemendum við að gera skólastarfið í Álfaborg/Valsárskóla eins heilbrigt og hægt er á hverjum tíma.

Tilgangurinn er að bæta árangur og líðan. Allt snýst þetta fyrst og fremst um virkni nemenda frekar um nám en kennslu. Hluti af heilbrigðum skóla er að allir nemendur séu að læra í skólanum og skóla menningin styðji þá hugmynd að hver einasta mínúta í skólanum getur nýst til náms.

Hlutiverk starfsfólks er að veita nemendum tækifæri til náms og þroska og þannig ber það megin ábyrgð á námi nemenda. Heilbrigð samskipti nemenda og starfsfólks hvetur til þess að leitað sé sameiginlegra lausna og einbeita sér að því að skólaganga nemenda verði innihaldsrík, samskipti heilbrigð og líðan sem best.

Heilbrigðir nemendur eiga betra með að tileinka sér það sem í umhverfi þeirra er en þeir sem sjúkir eru. Frummarkmið skóla er að námsárangur nemendanna verði sem mestur. Framsæknir heilsueflandi skólar leggja mikið af mörkum til þess að skólarnir nái náms- og samfélagsmarkmiðum sínum.

Auðvelda aðgerðir til að bæta heilsuna með því að efla þekkingu nemenda á heilbrigði og þjálf þá í rökhugsun, félagsmálum og framkomu.

Eitt af markmiðum heilsueflandi skóla er heilbrigði og í skólanum gefast oft góð tækifæri til að flétta heilbrigðismál og heilsuumræður saman við megin viðfangsefnin, t.d. lestur og reikning, og víkka þannig sjóndeildarhring nemenda.

Aðferðir heilsueflandi skóla auðvelda kennurum að útskýra fjölmörg almenn og sérhæfðari atriði í námsefninu og þjálfa nemendur í að finna lausnir á margvíslegum viðfangsefnum á heimavelli og á heimsvísu.

Nemendurnir geta lært og þjálfað sig í ýmsum efnum, bæði handbragði, hugsun og framkomu, og þá líka heilsu hegðun, og allt þetta getur bætt við færni þeirra.

Sex grundvallaratriði

1. Stefnuviðmið um heilsueflandi grunnskóla

Að stefna að heilbrigði í öllu starfi skólans. Mörg stefnuviðmið lúta að því að efla heilsu og bæta líðan, t.d. þau sem snúast um að taka upp hollara mataræði í skólum og þau sem eiga að hindra einelti.

2. Skólaumhverfið

Skólaumhverfið lýtur hér að skólabyggingunum, lóðinni, tækjum og búnaði í og umhverfis skólann, t.d. hvernig byggingarnar eru hannaðar og staðsettar; hvernig dagsljósið berst inn í húsin og hvort nóg er um skuggsæla staði; hvort nóg pláss er fyrir líflega leiki og hvort ráð er gert fyrir að börnin geti sinnt heimanáminu og borðað hollan og góðan mat í skólanum.

Skólaumhverfið lýtur líka að:

- Grundvallar þægindum eins og salernum og þrifum á þeim til að hindra útbreiðslu sjúkdóma;
- Drykkjarvatni og hvort hægt er að komast í það með hægu móti;
- Hreinu lofti;
- Öllum mengunarefnum, sýklum og öðru því sem skaðað getur heilsuna.

3. Félagsumhverfi skólanna

Félagsumhverfi skólanna lýtur að því hversu gott samband er milli starfsmanna og nemenda og milli nemenda innbyrðis. Samskiptin við foreldra og aðra í grenndinni hafa áhrif á félagsumhverfi skólanna.

4. Heilsuvitund nemenda og geta þeirra til breytinga

Þetta lýtur bæði að formlegri og óformlegri kennslu og verklegum viðfangsefnum í sambandi við námið. Þar öðlast nemendur þekkingu og færni í samræmi við aldur og þroska og læra af reynslunni svo að þeir geti smám saman gripið til eigin ráða til að bæta heilsu og líðan sjálfra sín og annarra í námunda við sig og bætt um leið námsárangur sinn.

5. Samfélagstengsl

Samfélagstengsl snúast um sambandið milli skóla og fjölskyldna nemenda og sambandið milli skóla og helstu hópa og einstaklinga í grenndinni. Með því að ráðgast við og fá þessa aðila til samvinnu styrkist heilsueflingarstarf skólanna og nemendur og starfsmenn öðlast stuðning við aðgerðir sínar.

6. Heilbrigðisþjónusta - skólaheilsugæsla

Hér er átt við þá þjónustu sem veitt er innan skólans eða í tengslum við hann þar sem sinnt er heilbrigði og heilsugæslu barnanna og unglinganna hvers og eins (þar á meðal þeirra sem eru með sérþarfir). Í því felst að skoða og meta nemendurna með viðurkenndum og leyfilegum aðferðum.

- Veita geðheilsuþjónustu (þ.á m. viðtöl) til að bæta félags- og tilfinningaþroska nemenda til að koma í veg fyrir og draga úr tálum sem kunna að verða á vitsmunáþroska og námi.
- Draga úr og koma í veg fyrir geðrænt og tilfinningalegt álag og bæta félagsleg samskipti.

Hlutverk ábyrgðarmanns

Ábyrgðarmaður verkefnisins hefur frumkvæði að því að hafa samband við þá aðila sem kemur að forvarnarálætluninni og kalla saman fundi þegar þurfa þykir. Ábyrgðarmaður fundar með skólastjóra um verkefnið í annarri viku hvers mánaðar um framgang verkefnisins. Hann kynnir framvindu verkefnisins á öðrum kennarafundi í hverjum mánuði og tekur mið af ábendingum kennara. Ábyrgðamaður leitar eftir aðstoð við framkvæmd verkefnisins þegar þess er þörf. Ábyrgðarmaður stjórnar fundum grænfánanefndar og er í sambandi við umhverfisnefnd sveitarfélagsins eftir þörfum.

Uppbyggingarstefnan

Álfaborg/Valsárskóli starfar eftir hugmyndafræði uppbyggingarstefnunar sem leggur áherslu á forvarnir fremur en umbun og refsingar. Í skólanum Valsárskóla er unnið eftir ákveðnum gildum í skólastarfi sem eru Umhyggja – Jákvæð snerting - Virkni – Viðsýni. Til þess að standa vörð um gildin þarf að setja skólastarfinu skýr mörk um óásættanlega hegðun.

Skólasáttmáli Valsárskóla

Við, starfsfólk og nemendur Álfaborgar/Valsárskóla viljum að öllum líði vel í skólanum, við viljum að allir séu öruggir, sinni sínu hlutverki og nýti

hæfileika sína til góðs.

Í Valsárskóla reynum við að hafa eins fáar reglur og mögulegt er, þó er nauðsynlegt að hafa öryggisreglur sem vernda skólasáttmálann og einstaklinga í hópnum.

Á haustin býr hver bekkur til sinn bekkjarsáttmála. Bekkjarsáttmálinn byggir á skólasáttmálanum og getur því ekki gengið gegn öryggisreglunum.

Hvað er óásættanleg hegðun - Skýr mörk!

Til að nemendur átti sig betur á því hvar mörkin á milli æskilegrar hegðunar og óásættanlegrar hegðunar liggja verða nemendur að gera sér grein fyrir hvað telst óásættanleg hegðun. Með því móti spornum við enn frekar gegn óásættanlegri hegðun þeirra fáu sem getur skaðað hina mörgu.

Að allir séu öruggir þýðir t.d:	Að öllum líði vel þýðir t.d:	Að allir geti sinnt hlutverki sínu og nýti hæfileika sína til góðs er t.d:
Við höfum hendur og fætur hjá okkur svo þær þvælist ekki fyrir öðrum.	Við látum vita ef okkur sjálfum eða öðrum líður illa	Við þurfum að fá tækifæri til að sinna hlutverkum okkar án truflun frá öðrum
Við ferðumst hægt um skólann svo við rekumst ekki á aðra.	Við hugsum vel um líkama okkar, borðum holla fæðu og hreyfum okkur úti.	Við leitum alla leiða sem við kunnum til að skapa gott námsumhverfi
Við notum öryggisbelt í skólabílnum og hjálm á hjólum og hjólabrettum.	Við klæðum okkur eftir veðri svo okkur verði ekki kalt	Við sýnum skoðunum annarra áhuga því við vitum að við lærum margt af öðrum sjónarhornum
Við göngum niður stigann og hendum ekki hlutum frá okkur.	Við förum vel með okkar eigur, eigur skólans og eigur annarra nemenda	Við komum á réttum tíma í skólann og þössum að missa ekki af kennslustund
Við sköpum umhverfi þar sem enginn þarf að óttast stríðni eða pot.	Við hrósum öðrum ef þeir hafa gert eitthvað aðdáunarvert og tökum við hrósi frá öðrum.	Við útskýrum hvort fyrir öðru ef við skiljum ekki

Við köstum bara snjóboltum á snjóboltasvæði	Við förum úr útiskóm og útifötum svo við berum ekki bleitu og óhreinindi inn	Við förum alltaf eftir fyrirmælum starfsfólks
Við keppumst að því að allir staðir í skólanum séu örugg svæði	Við hlustum vel þegar aðrir eru að tala og spyrjum ef við skiljum ekki.	Við réttum upp hönd ef við viljum fá orðið í samræðum
Við förum í biðröð þegar margir þurfa að komast á sama staðinn, t.d. Inn í kennslustund eða í skólabílinn.	Við gætum þess að hafa vinnufrið í skólastofunni	Við verndum hvort annað og reynum að snúa slæmum aðstæðum til góðs
Við leikum okkur ekki með hluti sem geta skaðað	Við hjálpum öðrum með gleði og erum óhrædd að biðja um hjálp annarra	Við erum alltaf kurteis og sýnum hvort öðru virðingu
Við klifrum ekki upp á þök eða aðra háa staði þar sem við getum dottið niður	Við hjálpum öðrum þegar þeir valda ekki hlutverki sínu	
Við leikum okkur ekki þar sem von er á bílum	Við erum kurteis hvort við annað	Við hjálpum alltaf að ef við sjáum að einhver veldur ekki hlutverki sínu.
Við gefum skýr skilaboð um hvernig við viljum láta koma fram við okkur	Við liðum ekki ofbeldi, stríðni og einelti í skólanum.	Við reynum að vera skemmtileg og skapandi með því að leita að nýjum hæfileikum hjá okkur

Dæmi um óásættanlega hegðun nemanda:

Við sættum okkur ekki við að nemandi:

- *Eyðileggi, hindri eða trufla skólastarf, vinnu nemenda og/eða starfsfólks
- * Hunsu fyrirmæli kennara og/eða annarra starfsmanna
- *láti sér ekki segjast við vinsamlegar ábendingar
- * Valdi öðrum kvíða og öryggisleysi með ofbeldisfullri hegðun sinni.
- *Gangi í eigur annarra, skemmi eða steli

Lýðræðismál

Lýðræðislegir starfshættir og kennsla um lýðræði eru hluti af Aðalnámskrá grunnskóla. Lýðræði er ekki bara stjórnunarform heldur einnig lífsform og samfélagsform. Hluti að lýðræðinu er að allir hafi sama aðgang að ákvarðanatökum um málefni sem að þeim snúa og því er mikilvægt að efla aðkomu nemenda að skipulagi skólastarfs. Með lýðræðinu þarf að kenna nemendum að standa fyrir máli sínu, hlusta á aðra og líta á annað fólk sem jafningja.

Lýðræðislegur farvegur í skólans eru bekkjarfundir/samverufundir og skólaping. Umsjónakennarar/samverukennarar þjálfa nemendur í að nota fundaformið þannig að lýðræðislegir starfshættir séu í heiðri hafðir og að þeir gefi uppbyggilegri umræðu farveg.

Mikilvægt er að fylgja skrefunum 5 um lausn:

1. Lýsa vandamálinu
2. Leggja mat á
3. Skipuleggja lausn saman
4. Setja lausn í gang
5. Endurmeta hvort lausnin hefur virkað

Grænfánaráð. 3 fulltrúar, einn úr hverjum námshópi.

Hlutverk Grænfána nefndar er að skipuleggja umhverfisdag að vori. Útbúa umgjörð um umhverfissáttmála skólans og fá nemendur til að ræða og skrifa undir. Gera markmiðin augljós öllum í skólanum. Búa til afmælistré (eða einhverja aðra mynd) og uppfæra svo tréð á hverju ári. Koma upp töflu um umhverfismálin þar sem upplýsingar eru settar upp og spurning vikunnar er sett fram.

Mötuneytisráð. 3 fulltrúar einn úr hverjum námshópi. Ráðið er skipað til eins árs í senn. Ráðið fundar einu sinni í mánuði um matseðil síðasta mánaðar og matseðil þess næsta. Einnig ræðir ráðið um skipulag í matsal, framkvæmd matartíma og fleira sem tengist matartímum. Matráður og skólastjóri sitja fundinn.

Viðburðaráð. 3 fulltrúar, einn úr hverjum námshópi. Ráðið sér um skipulagningu viðburða í skólanum. Fundar einu sinni í mánuði um þá viðburði sem eru á döfinni og koma með uppástungur um viðburði frá sínum bekkjardeildum og kemur með hugmyndir um skipulagningu.

Fjölmiðlaráð. 3 fulltrúar, einn úr hverjum námshópi. Sér um heimasíðu nemenda og skipuleggur efnið á henni. Fær krakka til að koma með efni til að setja á síðuna og kemur með tillögur um nýjungar. Ritnefnd sér einnig um að ákveða fréttir í Ströndunginn, kemur með óskir um heimasíðu skólans og tengls við aðra fjölmiðla. Með ráðinu fundar umsjónamaður félagsstarfs og skólastjóri. Skipuleggur myndatökur af viðburðum í skólanum.

Vallaráð – 3 fulltrúar einn úr hverjum námshópi. Ráðið fundar í upphafi anna um skipulag á skólalóð og fótboltavelli. Fundurinn fundar eftir þörfum. Með ráðinu fundar skólastjóri og skólaliði í útigæslu. Sér einnig um skiptingu á salnum á milli bekkja og hópa.

Lýðræðisráð. 3 fulltrúar, einn úr hverjum námshópi. Kemur með tillögur um aukið lýðræði í skólanum. Fræðslu um lýðræði og hvernig nemendur og starfsfólk geta mótað skólastarfið betur saman. Lýðræðisráð ræðir um fyrirkomulag bekkjarfunda og aðkomu ýmissa aðila að skólastarfinu. Lýðræðisráð tekur sérstaklega fyrir hvernig nemendur geta komið meira að skipulagningu eigin náms í Valsárskóla.

Umhverfissáttmáli

Álfaborg/Valsárskóli vill stuðla að góðri umgengni og verndun umhverfis. Við viljum nýta vel það sem við höfum og koma þannig í veg fyrir sóun og eyðslu.

Fræðsla í skólanum stefnir að því að auka umhverfisvitund og ábyrgð nemenda á nýtingu auðlegðar jarðar sem geta gengið til þurrðar. Markmið er að hver og einn finni til ábygðar á umgengni sinni og neyslu og öðlist skilning og virðingu fyrir lögmálum náttúrunnar.

Markmið í umhverfismálum

Fimm meginmarkmið skólans eru:

1. að vera umhverfisvæn
2. að flokka eftir kröfum móttökustöðvar á svæðinu
3. að spara pappír og endurnýta
4. að minnka notkun á einnota umbúðum
5. að kynna lýðræðisleg vinnubrögð, fundarsköp, ákvörðunartöku og verkaskiptingu.

Starfsárið 2017-2018

Forvarnarverkefni skólans eru margvísleg þau eru í sífelldri endurskoðun eins og allt annað faglegt starf.

Forvarnir felast fyrst og fremst í að öllum nemendum sé ljóst til hvers er ætlast af þeim, þeir viti hvernig þeir geta komið skoðunum sínum á framfæri á uppbyggilegan hátt. Öllum nemendum þarf að vera ljóst hvar mörkin um óásættanlega hegðun liggja. Umræðan um mörkin og mikilvægi heilbrigðs lífs (heilbrigður líkami, heilbrigð samskipti og heilbriggt umhverfi) eru tengd við gildi skólans og mikilvægi þess að skapa góðan skóla.

Í öllum stofum eiga að hanga á vegg.

- Skólasáttmáli
- Öryggisreglur (óásættanleg mörk)
- Gildi Álfaborgar/Valsárskóla
- Flæðirit um hvað gerist þegar öryggisreglur eru brotnar

- Grunnþarfirnar fimm

- Bekkjarsáttmálar
 - Reglur um bekkjarfundir
 - Útfærsla nemendanna á hlutverki skólans og framtíðarsýn
-
- Eineltishringurinn.
 - Skilgreining á einelti
 - Flæðirit um meðferð eineltismála

Farið er ítarlega yfir öll þessi atriði í upphafi skólaárs og þau tekin upp eftir þörfum á bekkjarfundum/samverum þar sem samskipti eru rædd með tilvísun í gildi skólans.

Í hverri bekkjardeild eru skólavinir í upphafi árs sem veita þeim nemendum sem koma inn í bekkinn stuðning og aðstoð þannig að þeir finni vináttu.

Á bekkjarfundum eru haldin fundarsköp og farið yfir hugmyndir lýðræðis eftir því sem þurfa þykir.

Í hverri stofu eru ílát fyrir endurvinnslu pappírs og nemendur frá fræðslu um endurnýtingu.

Í öllum stofum eru leiðbeiningar um endurvinnslu og ílát eru merkt.

Markmiðið er að hafa almennt rusl í algjöru lágmarki og flokka sem mest og best J

Námskeið og fræðsla

Umhverfisþing er haldið einu sinni á ári. Allir íbúar sveitarfélagssns geta tekið þátt.

Fyrsti forvarnarfundur vetrarins verður í október um heilsueflandi skóla

Í upphafi starfsárs er stutt kynning/upprifjun á forvarnarstefnu Álfaborgar/Valsárskóla.

Sjálfsmat og kynningar á niðurstöðum kannanna.

Niðurstöður eru kynntar fyrir skólaráði, nemendum, kennurum og foreldrum.